

Bjarni Reykjalín
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Kjarna, 650 Laugum
Þingeyjarsveit



Reykjavík 18. desember 2015
UST201511-037/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi, Stórarjóðurs og Hróarsstaðarness í Vaglaskógi, Þingeyjarsveit.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 5. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Stórarjóðurs og Hróarsstaðarness í Vaglaskógi Þingeyjarsveit.

Aðdragandi og tilgangur

Umhverfisstofnun tekur undir að í greinargerð deiliskipulagstillögunnar er lögð áhersla á að tryggja að verndargildi svæðisins rými ekki. Í greinargerð kemur fram að til þess að verndargildi Vaglaskógar rými ekki sé nauðsynlegt að byggja upp innviði þess og fræða gesti um þær umgengnisreglur. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt til að verndargildi Vaglaskógar rými ekki, að upprunalegur íslenskur birkiskógur sé ekki ruddur, til að framkvæma bílastæði, tjaldsvæði og leiksvæði. Stofnunin telur að slíkum framkvæmdum eigi að halda í jaðri svæðisins.

Skipulagssvæðið


Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er skipulagssvæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Í greinargerð tillögunnar kemur fram að skipulagssvæðið er tvískipt, annars vegar Stórarjóður og Hróarsstaðanes sem eru 12,5 ha og hins vegar svæðið umhverfis verslun sem er um 2,3 ha. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að breyta aðalskipulagi Þingeyjarsveitar þar sem opið svæði til útivistar breytist í svæði fyrir verslun og þjónustu. Umhverfisstofnun bendir á að skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal nota þá liti og tákni fyrir landnotkunarflokka sem fram koma í töflu 7.1.


Vaglaskógur

Í greinargerð segir að ofangreint deiliskipulag falli ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum áætlana nr. 105/2006 segir í 3. gr. um gildissvið laganna að: „Ákvæði laga þessara gilda um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og

Umhverfisstofnun telur ekki ásættanlegt að ryðja birkiskóg sem er sérstæður og vistfræðilega mikilvægur eins og Vaglaskógur er, til þess að fá rými fyrir tjaldstæði og bílastæði heldur skuli fara í slíkar framkvæmdir fyrir utan skóginn.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymistjóri